

Greinargerð með útgáfu starfsleyfis fyrir kvíaeldisstöð HB Granda hf. í Berufirði

Umhverfisstofnun auglýsti tillögu að starfsleyfi opinberlega á tímabilinu á tímabilinu 6. janúar til 3. mars 2011 og lá hún frammi á skrifstofu Djúpavogshrepps á sama tíma. Tillagan var auk opinberrar auglýsingar, sérstaklega send til umsagnar hjá HB Granda hf., Djúpavogshreppi, Heilbrigðiseftirliti Austurlandssvæðis, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnuninni, Landhelgisgæslunni, Siglingastofnun Íslands, Skipulagsstofnun og Síberíu ehf.

Ein umsögn kom um tillöguna. Hún kom frá Skipulagsstofnun. Í umsögninni var á það bent að starfsleyfistillagan tæki ekki á tíðni athugana á styrkleika kvía eða t.d. kveðið á um að þær séu gerðar í kjölfar atvika sem kynnu að hafa áhrif á kvíarnar svo sem óveður eða umferð skipa sem losa fisk í kvíarnar eða lesta úr þeim. Þá er bent á að í köflum 4.4 og 4.6 er ekki fjallað um viðbrögð við því ef að kví bilar og fiskur sleppur út.

Umhverfisstofnun bendir á að fiskeldi lýtur annars vegar starfsleyfi skv. lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og hins vegar rekstrarleyfi skv. lögum nr. 71/2008, um fiskeldi. Atriði er varða sleppingar og sjúkdómavarnir heyra undir ákvæði rekstrarleyfis og eru undir umsjón Fiskistofu sem starfar undir yfirumsjón sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Hvorki í lögum nr. 7/1998 (og reglugerð um starfsleyfi) né í lögum nr. 71/2008 er Umhverfisstofnun falið að framfylgja ákvæðum sem heyra undir rekstrarleyfi Fiskistofu og stofnunin myndi því fara út fyrir verksvið sitt ef gerðar væru kröfur um ráðstafanir til að koma í veg fyrir að fiskur sleppi úr kvíum. Má hér m.a. vísa til úrskurða umhverfiráðherra í málum 01070087 og 02110059. Ákvæði um styrkar festingar í starfsleyfi eru miðaðar við að draga úr hættu á að tætlur úr kvíum og festingum berist í burtu.

Umhverfisstofnun hefur þrátt fyrir ofangreint ákveðið að breyta ákvæðum í grein 2.4, þó þannig að gengið er út frá sjónarmiðum um mengun, enda eru fordæmi fyrir því í eldri starfsleyfum stofnunarinnar.

Auk þessa voru gerðar smávægilegar breytingar frá auglýstri tillögu, þar sem samræmis var gætt við nýlega útgefin starfsleyfi. Einnig má nefna að óskað var eftir því við Djúpavogshrepp að hann gerði grein fyrir lögmati sjókvíaeldisins hvað skipulagsmál varðar. Djúpavogshreppur vísaði til samninga sveitarfélagsins við rekstraraðila og upplýsti að ekki hefði á sínum tíma verið talin ástæða til að gefa út sérstakt framkvæmdaleyfi vegna starfseminnar.